Grundaskóli á Akranesi

Göngum í skólann 2017

Verkefninu Göngum í skólann var hleypt af stokkunum í ellefta sinn miðvikudaginn 6. september og lauk svo formlega með alþjóðlega Göngum í skólann deginum miðvikudaginn 4. október.
Líkt og undanfarin ár hefur Grundaskóli lagt áherslu á mikilvægi þess að nota virkan ferðamáta og ganga eða hjóla í skólann.
Eins og síðustu tvö ár var ákveðið í upphafi skólaárs að tengja verkefnið um Gullskóinn inn í þemadaga okkar í kringum Göngum í skólann. Verkefnið Göngum í skólann gengur út á það að tekið er saman í ákveðin tíma með hvaða hætti nemendur koma í skólann. Gangandi, hjólandi, með strætó eða á einkabíl. Sá árgangur sem kemur oftast á tímabilinu í skólann með því að nýta sér virkan ferðamáta fær Gullskóinn til varðveislu í eitt ár. Á þessu tímabili notum við tækifærið og vinnum í þemavinnu ýmist þvert á árganga eða stig þar sem við tengjum ýmis verkefni við umferð og hreyfingu. Verkefnin eru af ýmsum toga og mismunandi eftir árgöngum hversu umfangsmikil þau eru. Lokapunktur þemadagana og Göngum í skólann er síðan sameiginleg ganga allra nemenda og starfsmanna þar sem paraðir eru saman eldri nemendur með þeim yngri. Að göngunni lokinni var farið í Akraneshöll þar sem 10. bekkur sá um að skipuleggja hreyfileiki fyrir alla nemendur skólans. Eftir leikina var afhending Gullskósins en það voru nemendur í 6.bekk sem hrepptu hann, annað árið í röð. Hér fyrir neðan má sjá afrakstur þemavinnunnar. Einnig má finna myndir og hugmyndir að verkefnum á á heimasíðunni www.umferd.is Áhugasamir eru velkomnir að hafa samband ef þeir vilja fá nánari útfærslu á þemadögunum.

Með kærri kveðju fyrir hönd Grundaskóla.

Kristrún Dögg Marteinsdóttir og Margrét Ákadóttir

Göngum í skólann haust 2017

Hvað gerði Grundaskóli á þemadögum í tengslum við verkefnið Göngum í skólann?

1. og 9. bekkur

Nemendur 1. og 9. bekk unnu verkefnið „öruggasta leiðin í skólann“. Þetta er samvinnuverkefni þar sem eldri nemendur vinna með þeim yngri. Nemendur ganga saman að heimili yngri nemenda og finna í sameiningu öruggustu leiðina frá skólanum og heim. Að göngunni lokinni hjálpast þeir að teikna mynd/kort af öruggustu leiðinni milli heimilis og skóla, með áherslu á þá staði þar sem nauðsynlegt er að sýna sérstaklega aðgát í umferðinni.





2. bekkur

Nemendur í 2.bekk unnu með orð í tengslum við umferðina. Í upphafi var hugstormun um orð sem finna mætti í umferðinni. Orðunum var safnað saman í orðaskjóðu. Nemendur nýttu sér síðan orðaskjóðuna við úrvinnslu ólíkra verkefna. Þau verkefni sem m.a. voru gerð voru hugtakakort um umferðina og krossglíma.





3.bekkur

Nemendur 3. bekkjar unnu verkefni tengd umferð og stærðfræði. Unnin var kafli í Sprota 3A sem heitir Upplýsingar og tölfræði – með áherslu á súlurit.
Nemendur unnu utandyra og fylgdust með umferðinni á gatnamótum við skólann.

Það sem m.a. var kannað var:

Hvað sé ég marga bíla?
Gefa ökumenn stefnuljós?
Hvernig eru bílarnir á litinn?

Á meðfylgjandi myndum sjáið þið áhugasama stærðfræðinga og svo sýnishorn af úrvinnslu verkefnanna.





4. bekkur

Nemendur í 4.bekk kynntu sér aðgengi í bænum fyrir hjólandi vegfarendur og öryggi þeirra í umferðinni. Ítarleg kennsluáætlun fylgir með og hentar hún einnig nemendum á miðstigi.

Hjólandi vegfarendur í umferðinni og aðgengi þeirra

Markmið

- Að nemendur læri á reiðhjólið
- Að nemendur þekki helstu reglur þegar hjólað er í umferðinni
- Að nemendur þekki hjólaleiðir í nánasta umhverfi sínu
- Að nemendur búi til bækling um hjólandi vegfarendur

Lýsing á verkefni

1.hluti

Kveikjan að verkefninu er að koma með vel útbúið reiðhjól inn í skólastofu. Kennari fer með nemendum yfir þann útbúnað sem nauðsynlegur er á reiðhjólinu. Eftir það teikna nemendur reiðhjól og skrá útbúnað þess.

2.hluti

Kennari fer yfir mikilvægi þess að nota hjálm og hvernig best sé að stilla hjálminn. Nemendur stilla sinn eigin hjálm. Nemendur teikna hjálm og skrá rétta notkun hans.

3.hluti

Nemendur horfa á myndbandið ***Hjólað á akbrautum*** og eftir það er farið yfir þær reglur sem gilda fyrir hjólandi vegfarendur. Nemendur skrá þær reglur hjá sér.
Hjólað á akbrautum: (https://www.youtube.com/watch?v=Fo-X7dAzPGI)

4.hluti

Hugstormun eftir að kennari setur fram spurninguna: ,,Hvaða umferðarmerki þekkið þið´´?
Eftir hugstormunina skoða nemendur veggspjald með umferðarmerkjum og finna hvaða umferðarmerki eru nytsamleg að muna fyrir hjólandi vegfarendur. Nemendur velja sér umferðarmerki til að teikna/perla.
Aukaverkefni: Nemendur spila á spilastokk með umferðarmerkjun

5.hluti

Kennari og nemendur hugstorma um hvað gott aðgengi sé fyrir reiðhjólafólk t.d. reiðhjólastígar, umferðarmerkingar, hvort gott sé að komast upp á gangstéttir þegar farið er yfir gangbrautir o.s.frv.

6.hluti

Vettvangsferð þar sem nemendur hjóla og skoða sitt nánansta umhverfi. Nemendur taka myndir og skrá hjá sér það sem vel er gert með tilliti til aðgengi

hjólreiðamanna og það sem betur má fara. Gott er að skipta nemendahópnum upp í 3-5 manna hópa.

7.hluti
Nemendur ljúka við bæklinginn og kynna það sem þeir lærðu á vettvangi.

Námsgögn

Myndband frá Samgöngustofu: ***Hjólað á akbraut***

https://www.youtube.com/watch?v=Fo-X7dAzPGI

Bæklingur Samgöngustofu: ***Reiðhjól og hjálmar***

https://landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf

Veggspjald - Umferðarmerki

Reiðhjól

Hjálmur

Myndavél/sími/I-pad

Blað og blýantur

Námsmat
Símat, bæklingur og hópakynning í lok verkefnis
1

5. bekkur

Nemendur í 5. bekk unnu ýmsar umferðarkannanir. Þeir skoðuðu m.a. ferðamáta nemenda og starfsfólks, hjálmanotkun og þekkingu nemenda á algengum umferðarmerkjum. Niðurstöðurnar voru settar upp í súlurit og skífurit og voru til sýnis á veggjum skólans. Í þessu verkefni er samþætting milli umferðarfræðslu og stærðfæði.

6. og 7. bekkur

Nemendur byrjuðu á því að horfa á stutt myndbönd sem öll tengdust umferðinni á einn eða annan hátt. Miklar umræður um umferðina sköpuðust eftir áhorfið.
Árgöngunum var síðan skipt upp í 3 - 4 manna hópa. Allir hópar áttu að koma með tillögur að grípandi, stuttum slagorðum sem væru líkleg til að festast í minninu „Beltin bjarga“.
Hver hópur valdi síðan 3-5 slagorð sem þau skrifuðu með áberandi hætti og myndskreyttu í samræmi við slagorðin. Slagorðin voru síðan hengd upp á veggi skólans.





8. bekkur

Nemendur í 8.bekk unnu að fræðsluefni fyrir yngri nemendur. Námsefnið hentar einnig vel fyrir alla árganga á unglingastigi. Ítarleg kennsluáætlun að verkefninu fylgir með hér að neðan.

Markmið verkefnis:
Að útbúa fræðslumyndbönd fyrir yngri nemendur. Að fá eldri nemendur til að vera jákvæðar fyrirmyndir í umferðinni og miðla þekkingu sinni og reynslu sem þátttakendur í umferðinni til nemenda sem yngri eru. Á meðan unnið er að verkefninu gefst eldri nemendum jafnframt tækifæri til að skerpa á ýmsum reglum og hegðun í umferðinni.

Kveikjan:
Gott er að byrja á því að sýna fræðslumyndbönd úr umferðinni. Sjá m.a. eftirfarandi vefslóð: http://www.umferd.is/nemendur/8-10-bekkur/eg-og-umferdin/myndbond/

Framkvæmd:
Umferðarverkefnið samþættir þrjár námsgreinar, lífsleikni, íslensku og upplýsingatækni. Lögð er áhersla á að nemendur reyna að flétta þessar námsgreinar saman við þær athafnir sem verða á vegi yngri nemenda í umferðinni á hverjum degi.

Ferlið:

1. Hugstormun um atriði sem er mikilvægt að huga að fyrir yngri nemendur í umferðinni.
    a. Notkun hjólreiðahjálma.
    b. Notkun endurskinsmerkja.
    c. Notkun snjalltækja.
    d. Hvernig skal nota gangbraut og gangbrautarljós.
    e. Notkun bílbelta o.fl.

2. Gott er að skipta árganginum upp í 4– 6 manna hópa og huga að því að allir hafi hlutverk.

3. Persónusköpun og handritagerð
    a. Nemendur eiga að skapa persónur sem koma fyrir í fræðslumyndbandinu.
    b. Nemendur velja sér viðfangsefni/atburð sem þeir vilja fræða yngri nemendur um.
    c. Nemendur skapa sögu og búa til handrit sem inniheldur boðskap út frá viðfangsefninu.
    d. Nemendur æfa og finna sér búninga og leikmuni við hæfi.
    e. Nemendur taka upp afurðina á iPad og vinna það í forritinu iMovie.
    f. Nemendur kynna fræðslumyndböndin sín fyrir árganginum og velja í samráði við kennara þau myndbönd sem henta til sýningar fyrir yngri nemendur.
    g. Fræðslumyndbönd sýnd yngri nemendum og umræður í framhaldinu.

10. bekkur

Nemendur í 10. bekk sjá um gangbrautavörslu á fjórum stöðum í kringum skólabygginguna allt frá fyrsta skóladegi og fram að pásum.



Þeir sjá einnig um að skipuleggja og stjórna leikjum á lokadegi verkefnisins Göngum í skólann. Í boði voru 12 hreyfileikir sem reyndu m.a. á samvinnu nemenda.

Umferðin í List – og verkgreinum

Það er hægt að kenna umferðarfræðslu á margvíslegan hátt innan skólans. List-og verkgreinakennarar í Grundaskóla ákváðu að nýta sér umferðarmerkin til að hægja á umferðinni á göngum skólans á List-og verkgreinasvæðinu. Ítarleg kennsluáætlun að verkefninu fylgir með hér að neðan.

Að stýra umferð um skólabygginguna í gegnum umferðarmerkin. Markmiðið er að hægja á „gangandi“ umferð á göngum skólans sem oft er „hlaupandi“. Með því að ná tökum á því má koma í veg fyrir óróleika, hávaða og hættu á árekstrum nemenda sem eru að koma úr gagnstæðum áttum, ásamt þvi að vinna með umferðarmerkin og umferðarreglur.

Kennararnir vildu prófa nýjar leiðir og hölluðu sér að umferðinni og unnu verkefnið með spurninguna **„Hvernig getum við nýtt umferðarmerkin til að ná tökum á hraðanum**?“

Notuð eru umferðamerki til þess að ná tökum á hraðanum ásamt því að útbúa fótspor úr pappír sem plöstuð eru á gólf. Litur á fótsporum skiptir ekki máli en t.d. mætti hafa blá fótspor hægra megin og appelsínugul fótspor vinstra megin. Tilgangurinn með fótsporunum er að fá nemendur til að tipla og ganga eftir sporunum. Síðan eru sett umferðamerki þar sem við á eins og til dæmis stoppmerki, biðskyldumerki og varúð til hægri. Á vegg á miðsvæði er gott að koma fyrir „götukorti“ en það kort er leiðbeinandi um hvaða kennslustofur má finna á svæðinu og staðsetningu þeirra.

Þetta verkefni er góð leið til að kenna nemendum umferðareglurnar og taka **tillit** í umferðinni. Að sýna öðrum vegfarendum tillitssemi er mjög mikilvægt atriði eins og allir eiga að vita auk þess sem það er grunnur góðra samskipta.



Markmið

- Hægja á umferð
- Stýra umferðinni
- Minnka árekstra
- Minnka hávaða
- Auka þekkingu á umferðarreglum og notkun þeirra
- Fá nemendur til að æfa sig í að virða umferðamerkin eins og biðskyldu, stoppmerki, varúð til hægri ogfl.

Námsgögn

Umferðamerkin

Karton í litum

Bókaplast

Umferðin í íþróttahúsinu

Allir kennarar Grundaskóla taka þátt í þemadögum „Göngum í skólann“ og tengja að sjálfsögðu verkefnin umferðarfræðslu. Hér er unnið með hreyfingu og umferðarmerki, „umferða-bingó-spilaleikur“. Unnið með samþættingu umferðarfræðslu og hreyfingu.

Nemendum er skipt í fjóra hópa, einn hópur kemur sér fyrir í hverju horni íþróttasalarins með sitt bingóspjald, litlum spjöldum/miðum (umferðarmerkin) er komið fyrir í miðju salarins. Einn nemandi úr hverjum hóp hleypur í einu að miðju salarins og dregur miða/spjald og hleypur svo til baka til félaga sinna og setur spjaldið á réttan stað á bingóspjaldinu. Dragi nemendur sama miða aftur skal næsti nemandi skila miðanum um leið og hann dregur nýjan miða.

Yngri nemendur vinna með samstæður, mynd af umferðarmerki á spjaldi parað við umferðarbingóspjald. Eldri nemendur nota sama bingóspjald og þeir yngri með myndum af

umferðarmerkjum en spjöldin/miðarnir sem þeir draga eru með texta með lýsingu á hverju umferðarmerki.